

# STJÓRNARTÍÐINDI B 48 – 1999

22. maí 1999

999

Nr. 363

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 602/1997 um Lánasjóð íslenskra námsmanna.**

1. gr.

Á eftir 12. gr. komi ný grein, sem verði 13. gr., svohljóðandi:

Lánþegi, sem tekið hefur lán skv. lögum nr. 21/1992 og skv. lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum, skal fyrst endurgreiða lán tekin skv. lögum nr. 21/1992. Á því ári, sem hann lýkur endurgreiðslu láns skv. lögum nr. 21/1992, hefur hann jafnframt endurgreiðslu eldri lána og skal upphæð heildarársgreiðslu miðast við hámarksgreiðslu skv. lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum en fjárhæð ársgreiðslunnar skal þó aldrei vera hærri en full ársgreiðsla hefði verið skv. lögum nr. 21/1992.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 22. maí 1999.*

**Björn Bjarnason.**

*Pórunn J. Hafstein.*

20. maí 1999

Nr. 364

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um viðurkenningu flokkunarfélaga vegna eftirlits með skipum nr. 153/1994.**

1. gr.

4. töluliður 1. gr. orðast svo:

Fullnægja skilyrðum ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um viðmiðunarreglur vegna leyfisveitingar fyrir stofnanir sem starfa á vegum stjórnvalda nr. A.739(18) sem samþykkt var 4. nóvember 1993 og viðauka við þá ályktun nr. A.789(19) um forskriftir hvað varðar eftirlits- og vottunarhlutverk viðurkenndra stofnana sem starfa á vegum stjórnvalda.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Gutenberg

Hliðsjón hefur verið höfð af tilskipun ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaæftirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda (sjá ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 30/95, en tilskipunin var birt í EES-viðbæti nr. 43/44, 16. nóvember 1995, bls. 44). Þessari tilskipun var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/58/EB frá 26. september 1997 (sjá ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 33/98, en tilskipunin var birt í EES-viðbæti nr. 48, 19. nóvember 1998, bls. 247).

*Samgönguráðuneytinu, 20. maí 1999.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

Nr. 365

28. maí 1999

## AUGLÝSING

### **um breytingu á deiliskipulagi norðvesturhluta þriðja áfanga Giljahverfis, Akureyri.**

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt á fundi sínum 20. mars sl. breytingu á deiliskipulagi norðvesturhluta þriðja áfanga Giljahverfis. Skipulagssvæðið afmarkast af Merkigili að vestan og norðan, Skessugili að austan og grænu svæði norðan Snægils að sunnan.

Greinargerð og skipulagsuppráttur hafa fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Akureyri, 28. maí 1999.*

F.h. Akureyrarbæjar,

**Árni Ólafsson** skipulagsstjóri.

Nr. 366

28. maí 1999

## REGLUGERÐ

### **um karfaveiðar fiskiskipa frá Evrópusambandinu í fiskveiðilandhelgi Íslands 1999.**

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til karfaveiða fiskiskipa frá Evrópusambandinu í efnahagslögsögu Íslands á tímabilinu 1. júlí - 31. desember 1999.

2. gr.

Aðeins þeim fiskiskipum sem fengið hafa sérstakt leyfi Fiskistofu er heimilt að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Evrópusambandið skal sækja um leyfi fyrir hvert skip á sérstöku eyðublaði eins og gert er ráð fyrir í viðbæti 1 við niðurstöðu fiskimálaviðræðna milli Íslands og Evrópusambandsins frá 7. október 1998.

Verksmiðjuskipum verður ekki veitt leyfi til veiða. Skip sem aðeins slægja og frysta fiskinn um borð teljast ekki verksmiðjuskip.